

K.A.B. gegn Svíþjóð
Dómur frá 5. september 2013

Mál nr. 886/11

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvisun. Hætta á ofsóknum.

1. Málsatvik

Kærandi er sómalskur ríkisborgari, fæddur árið 1960, og að uppruna frá Mogadishu í Sómalíu. Hann kom til Svíþjóðar í apríl 2009 og sótti þar um hæli. Hann kvaðst hafa flúið ofsóknir íslamskra dómstóla og samtaka að nafni al-Shabaab vegna starfa sinna milli 1992 og 2005 fyrir bandarísk hjálparsamtök.

Að undangenginni málsmeðferð sænskra stjórnvalda og dómstóls, þar sem kærandi naut aðstoðar lögmanns og gafst kostur á að koma á framfæri munnlegum og skriflegum athugasemdum, var kæranda synjað um hæli. Var ekki talið að hann hefði sýnt fram á að ótti hans við ofsóknir væri á rökum reistur, en meðal annars var talið að staðhæfingar hans um meintar hótanir væru óljósar og að vafi léki á sannleiksgildi ýmissa staðhæfinga hans. Ákveðið var að brottvísa kæranda og flytja hann til Sómalílands í Sómalíu.

Kæranda var synjað um áfrýjunarleyfi í júlí 2010 og síðari beiðnum hans um dvalarleyfi var endanlega hafnað í júlí 2011. Í janúar 2011 greip Mannréttindadómstóllinn hins vegar til bráðabirgðaráðstafana og beindi því til sænska ríkisins að flytja kæranda ekki til Sómalíu uns annað yrði tilkynnt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brottvisun hans til Sómalíu fæli í sér brot gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Hann lagði áherslu á að hann stæði frammi fyrir raunverulegri hættu á að verða sviptur lífi eða sæta alvarlegum líkamsárásum yrði hann fluttur frá Svíþjóð til Sómalíu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að vegna uppruna kæranda og skorts á sterkum tengslum við héraðið Sómalíland, sem ætlunin var að senda hann til, væri raunveruleg hættu á að hann þyrfti að leita til annarra svæða í Sómalíu, svo sem til Mogadishu þar sem hann átti heimili og þar sem eiginkona hans bjó.

Tekið var fram að fyrir rúmum tveimur árum hefði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu í máli *Sufi og Elmi gegn Bretlandi*, nr. 8319/07 að í Mogadishu viðgengist slíkt ofbeldi að allir sem dveldu innan borgarinnar stæðu frammi fyrir raunverulegri hættu á meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Hins vegar bentu nýjustu upplýsingar til þess að aðstæður í borginni hefðu batnað og ofbeldi minnkað. Bent var á að samtökin al-Shabaab væru ekki lengur við völd í borginni, víglínur og stórskotalíðsárásir væru úr sögunni og að dregið hefði úr mannfalli meðal óbreyttra borgara. Þó væru aðstæður í borginn enn alvarlegar og að mörgu leyti ófyrirsjáanlegar, en í dag ekki þess eðlis að allir sem þar dveldust væru í raunverulegri hættu á að verða sviptir lífi eða sæta illri meðferð.

Við mat á aðstæðum kæranda tók dómstóllinn fram að sænsk stjórnvöld hefðu kannað staðhæfingar hans vandlega og rökstutt niðurstöðu sína ítarlega. Dómstóllinn tók undir það mat að vafi léki á sannleiksgildi ýmissa atriða sem kærandi hefði haldið fram. Undraðist

dómstóllinn raunar að al-Shabaab samtökin ógnuðu kæranda fjórum árum eftir að hann hefði hætt störfum á vegum fyrrgreindra hjálparsamtaka. Þá væru staðhæfingar kæranda um störf fyrir hjálparsamtökin óljósar. Tekið var fram að ekki yrði séð að kærandi tilheyrði í reynd ekki hóp sem ætti sérstaka hættu á að verða fyrir barðinu á al-Shabaab samtökunum.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki leitt nægar líkur að því að hann stæði frammi fyrir raunverulegri hættu á að verða sviptur lífi eða sæta illri meðferð sneri hann aftur til Sómalíu. Var því ekki talið að brottvísun kæranda myndi fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði.